

**155. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum**  
**haldinn í fundaherbergi ME**  
**þriðjudaginn 8. júní 2021 kl. 17**

Mætt voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson formaður, Anna Björk Guðjónsdóttir, Halldór Warén og Sigrún Birna Björnsdóttir.

Mættir voru áheyrnarfulltrúarnir: Bergrún Þorsteinsdóttir f.h. foreldra, Elísabet Anna Gunnarsdóttir f.h. nemenda og Þórunn Víðisdóttir f.h. kennara.

Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Jóney Jónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerðir fyrri funda undirritaðar
2. Gangurinn í starfinu – skólalok og útskrift
3. Fjármál og horfur í nemendafjölda á haustönn
4. Starfsmannamál
5. Önnur mál

Skúli Björn Gunnarsson formaður setti fund kl. 17:00. Gengið var til dagskrár.

**1. Fundargerðir fyrri funda undirritaðar og þar með staðfestar**

Fundargerðir 150. - 154. funda voru undirritaðar en þær höfðu verið staðfestar í tölvupósti eftir hvern fjarfund sem fór fram á meðan samkomutakmarkanir voru í gildi vegna COVID-19.

**2. Gangurinn í starfinu – skólalok og útskrift**

Skólameistari sagði frá starfi síðustu vikna. Barkinn var haldinn daginn fyrir síðustu herðingu samkomuhalds. Útskriftarnemendur dimmiteruðu og fóru á Hallormsstað þar sem farið var í leiki, grillaðar pylsur og sungin lög. Sleppa þurfti árs hátíð vegna samkomutakmarkana.

Fjörutíu og einn nemandi útskrifaðist við hátíðlega athöfn í Valaskjálfi föstudaginn 22. maí. Nýverið voru send innritunarbréf til 117 nemenda sem halda munu áfram námi á næsta skólaári. Nýnemar verða rúmlega 50 miðað við fjölda umsókna.

**3. Fjármál og horfur í nemendafjölda á haustönn**

Skólameistari lagði fram gjaldskrá fyrir næsta skólaár. Skólanefnd lagði til og samþykkti að hækka gjaldskrá fjarnáms í 16.000 kr. áfangann úr 14.500 kr. Innritunargjald í fjarnám verður óbreytt. Samþykkt að gjaldskrá dagskóla og mötuneytis verði óbreytt.

Farið var yfir skóladagatal 2021-2022. Reiknað er með skólaþrengingum 18. ágúst. Haustútskrift verður laugardaginn 18. desember. Gerð verður tilraun með að dreifa fardögum þremur yfir vorönnina. Vorútskrift er fyrirhuguð föstudaginn 20. maí. Skólanefnd gerir ekki athugasemd við skóladagatalið fyrir sitt leyti.

#### 4. Starfsmannamál

Skólameistari fór yfir starfsmannamálin sem eru að leysast fyrir næsta vetur. Helgi Ómar Bragason og Jón Ingi Sigurbjörnsson láta af störfum vegna aldurs í sumar. Þeir voru kvaddir með virktum við útskriftina.


Ráðinn hefur verið leiðbeinandi í 50% starf í kennslu í grunnáfangi í stærðfræði. Efnafræðikennslan verður leyst með fjarkennslu frá FAS. Illa hefur gengið að fá jarðfræði- og eðlisfræðikennara en Helgi Ómar mun taka að sér að kenna eðlisfræðiáfangi í fjarnámi. Enn er leitað að einstaklingi til að kenna jarðfræði. Einnig var auglýst eftir íslenskukennara í 50% starf og þar hefur Soffía Björg Sveinsdóttir verið ráðin. Heiðdís Halla Bjarnadóttir hefur verið ráðin í afleysingu fyrir Bylgju Lind Pétursdóttur sem fer í fæðingarorlof. Auk þess var auglýst eftir félagsgreinakennara í 50%-75% starf. Þar verða ráðnar Marta Kristín Sverrisdóttir og Sandra Rut Skúladóttir í 50-75% starf hvor.

#### 5. Önnur mál


- a) Skólameistari segir frá vatnstjóni sem varð í fyrirlestrarsal fyrir skömmu þegar grunnvatnsdæla gaf sig og um 20 sm vatn kom á neðsta gólflið.
- b) Skólameistari greindi frá því að fáar umsóknir hefðu borist í nýtt nám á félagsliðabraut á 3. þrepi sem ætlunin var að hefja í haust. Því hefði orðið að hætta við það að sinni en reynt verður aftur síðar.
- c) Skólameistari sagði að hótélrekstur hæfist í heimavistarhúsi 17. júní.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00

Skúli Björn Gunnarsson



Anna Björk Guðjónsdóttir



Halldór Warén



Sigrún Birna Björnsdóttir

